



orð um nýárs-gjafir. En hver haldið þið eigi að gefa nýárs-gjafirnar, sem eg er nú sérstaklega að hugsa um?

Fyrsta sunnudaginn í árinu var eg að tala við börn um nýárs-gjafir. Þá hvíslar lítil stúlka að mömmu sinni: „Mamma! ætlarðu að gefa mér nýárs-gjafir?“ Henni datt það fyrst í hug. Eg veit nú ekki, hvað ykkur kann að detta fyrst í hug. Auðvitað er, að foreldrar gefa börnum sínum nýárs-gjafir; því þau eru sí og æ að gefa þeim gjafir. Og besta og helsta gjöfin þeirra er *kærleikurinn*. Þau eru einlægt að gefa börnumum kærleika sinn. Og fyrir það þykir börnumum svo undur vænt um þau. Og vænna og vænna, því betur sem þau finna til þess, hvað mikinn kærleik þau eru alt af að fá. Foreldrarnir líkjast guði í þessu. Hann er alt af að gefa okkur kærleika. Og því betur sem við finnum til þess, því vænna þykir okkur um hann.

Börn! Þið þurfið kærleiks við. Ykkur er ekki unt að lifa án hans. Sál ykkar þyrstir eftir kærleika og hún biður um hann eins og blómið biður um vökvun og sól. Hið sama gerum við, hinir fullorðnu, lika. Það er þorsti og hungur í hverri mannssál eftir kærleika. Ekkert, sem manns-sálín þráir eins og kærleika. Úr þeim þorsta og því hungri getur hún dáið. Enda deyja lang-flestir úr þeim sulti. Og það er sárasti dauðdaginn. Guði einum er unt að koma í veg fryir það og bæta úr því til fulls. Enda vill hann gera það. Þess vegna gaf hann jóla-gjöfina sína, kærleiks-gjöfina þá. Það er hún, sem til fulls á að seðja hungrið í mannssálunni eftir kærleika.

Viljið bið heyra um þetta, börnin míن góð? Það er ekki líkt því nóg fyrir ykkur að fá mat og fót og annað þesskonar, ef þið eigið að lifa. Ykkur ríður á kærleika foreldranna og mannanna yfir höfuð. En um fram alt ríður ykkur lífið á kærleika guðs. Ykkur ríður eins á honum eins og blóminu ríður á ljósi og vökvun. Þið vitið þetta um blómið. Þið þurfið lika að vita petta um ykkur sjálf.

En svo vill guð, sem gefur okkur kærleika sinn, að við gefum líka kærleika. Hann vill, að við hugsum um alla þá, sem hungrar eftir kærleika. Hann vill, að við seðjum þá — gefum þeim kærleika okkar. Þið þá lika, vitanlega. Þið eigið lika að gefa kærleika. Þið eigið ekki bara að *biggja* hann. Þið eigið lika að *gefa* hann. Og þið getið gefið kærleika. Það er alveg áreiðanlegt. Hvað fátæk sem þið eruð, þá getið þið gefið kærleika — þið getið gefið gjöfina, sem best er allra gjafa. Og þetta er það, sem þið eigið að gefa á árinu þessu,